



Framkvæmda- fréttir 25. tbl. /03



Vestfjarðavegur (60) við Dalsmynni, gatnamót við Hringveg (1). Fánar uppi í tilefni vígslu nýs vegar um Bröttubrekk, föstudaginn 26. ágúst 2003.

Auglýsingar útboða

Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir 03-031

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, óskar eftir tilboðum í gerð Möðruvallavegar á um 0,8 km löngum kafla frá Ólafsfjarðarvegi um Möðruvelli og heimreiðar að Möðruvöllum á um 0,2 km kafla.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	9.700 m ³
Neðra burðarlag	4.500 m ³
Efra burðarlag	1.450 m ³
Ræsi	65 m
Tvöföld klæðing	6.500 m ²
Frágangur fláa	10.800 m ²

Neðra burðarlagi skal lokið fyrir 15. nóvember 2003.

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 8. september 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 23. september 2003 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Djúpvegur (61), Forvaði - Þorpar 03-049

Vegagerðin, Vestfjarðaumdæmi, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Djúpvegar milli Forvaða í Kollafirði og Þorpa í Steingrímsfirði. Heildarlengd kafla er 6,44 km.

Helstu magnþölur eru:

Lengd	6,44 km
Bergskering í vegstæði	16.400 m ³
Bergskering vegna rofvarna	31.600 m ³
Fyllingar	34.300 m ³
Neðra burðarlag	16.900 m ³
Efra burðarlag	9.500 m ³
Tvöföld klæðing	41.300 m ²
Rofvarnir	8.300 m ³
Frágangur fláa	82.400 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 8. september 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 23. september 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 25. tbl. 11. árg. nr. 347 8. sept. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.

Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku

Nýr vegur formlega tekinn í notkun



Vígsla nýs vegar um Bröttubrekku föstudaginn 26. ágúst 2003. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra klippir á borða. Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri aðstoðar.

Föstudaginn 26. ágúst 2003 var nýr vegur um Bröttubrekku formlega tekinn í notkun. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra klippti á borða með aðstoð Jóns Rögnvaldssonar vegamálastjóra.

Nýi vegurinn er hluti Vestfjarðavegar (60) og nær frá Hringvegi (1) við Dalsmynni að Breiðabólstað í Sökkólfsdal.

Frá landnámstíð hefur þjóðleiðin milli Miðdala og Borgarfjarðar legið um Bröttubrekku og Bjarnadal. Þá var farið úr Borgarfirðinum upp frá Dalsmynni og inn eftir Bjarnadal og um Bröttubrekku.

Árið 1932 var lokið við gerð bílfærs vegar úr Borgarfirði yfir í Dalasýslu. Var þá farin nokkuð önnur leið en gamla þjóðleiðin. Bjarnardalsá var brúuð niður við Vesturá og vegurinn lagður inn Miðdal meðfram Miðdalsgili og þaðan upp á Merkjahrygg. Þrátt fyrir breytta leið hélst sú málvenja að kalla leiðina Bröttubrekku. Þegar núverandi vegur var boðinn út árið 2000 vildu vegagerðarmenn reyna að breyta þessu og nefndu framkvæmdina „Vegagerð um Dalafjall“. Þessi ráðgerð mætti mikilli andstöðu og því var horfið frá hugmyndinni. Vonandi verður sátt um nafnið „Brattabrekka“ um ókomna framtíð þrátt fyrir að vegurinn sé ekki lengur tiltak-

anlega brattur og hin eina sanna Brattabrekka sé talsvert austar.

Gamli bílvegurinn um Bröttubrekku hefur verið einn helsti farartálminn á leiðinni milli Vesturlands og Dalasýslu að vetrarlagi enda vegurinn þá löngum lokaður. Vetrarleiðin hefur þá legið um Heydal og Skógarströnd, en það er um 25 km lengri leið.



Vígsla nýs vegar um Bröttubrekku. Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir frá Erpsstöðum var skæravörður. Hjá henni standa heiðursmenn Vegagerðarinnar, þeir Eyþór Jón Gíslason (t.v.) og Sæmundur Jóhannsson.

Helstu magntölur framkvæmdarinnar:

Lengd kafla	11,3 km
Bergskeringar	193.000 m ³
Fláafleygar	130.000 m ³
Fyllingar	316.000 m ³
Neðra burðarlag	50.000 m
Efnisvinnsla	73.000 m ³
Efra burðarlag	22.000 m ³
Slitlag, tvöföld klæðing	72.000 m ²
Vegrið	3.000 m



Ræsi í Bjarnardalsá í byggingu í september 2002.



Há vegfylling yfir ræsi á Bjarnardalsá.

Opnun nýs heilsársvegar yfir Bröttubrekku bætir því samgöngur á svæðinu mikið. Vegurinn í gegnum Dalasýslu er jafnframt þjóðbraut á sunnanverða Vestfirði. Með tilkomu Gilsfjarðarbrúar hefur umferð af norðanverðum Vestfjörðum aukist mikið yfir sumartímann enda er sú leið mun styttri en leiðin yfir Steingrímsfjarðarheiði. Þessi nýi vegur er því einnig mikil samgöngubót fyrir Vestfirðinga.

Nýi vegurinn liggur á svipuðum slóðum og gamli vegurinn en beygjur eru færri og ekki eins krappar og eins er brattinn mun minni. Mesti bratti á nýja veginum er 9% en var um 12% á gamla veginum. Nýja leiðin liggur mest í 403 m hæð eins og gamli vegurinn.

Nýr vegur um Bröttubrekku hefur verið í byggingu frá árinu 1999, en þá var fyrsti áfangi verksins boðin út. Um var að ræða 5,8 km kafla frá Brúnkollugili og að Breiðabólstað.

Þeim áfanga lauk haustið 2000. Verktaki við þá framkvæmd var Tak ehf., Borgarnesi.

Annar áfangi verksins um Bröttubrekku, sem nú er að ljúka, var boðið út í desember 2000. Verktaki var Arnarfell ehf. frá Akureyri. Framkvæmdir hófust í apríl 2001.

Undirbúningur og forhönnun var á vegum hönnunardeildar Vegagerðarinnar í Reykjavík en kynning vegna könnunar á matsskyldu var unnin af hönnunardeild Vegagerðarinnar á Akureyri. Skipulagsstjóri úrskurðaði að framkvæmdin væri ekki matsskyld.

Verkfræðistofan Orion í samtarfi við VSO ráðgjöf annaðist lokafrágang hönnunar og gerð útboðsganga.

Eftirlit og umsjón með þessari framkvæmd var í höndum framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar á Vesturlandi.

MVJ (nokkrar viðbætur VAI)

TETRA fjarskiptakerfi í veggöngin undir Breiðadals- og Botnsheiði

Vinna við að setja upp TETRA fjarskiptakerfi í göngin undir Breiðadals- og Botnsheiði er nú langt komin. Undirbúningur hefur staðið yfir lengi en í júní 2002 var lögð fram skýrsla um mælingar á drægni fjarskiptakerfa í göngunum. Bæði voru gerðar mælingar á GSM síma og TETRA. Valið var að setja upp TETRA kerfi og var helsta ástæðan sú að símakerfi er ekki talið nothæft fyrir björgunaraðila í neyðartilvikum því það teppist við of mikið álag. Í þessu sambandi má geta þess að samið var um uppsetningu TETRA kerfis í Hvalfjarðargöng á sama tíma og er nýbúið að setja það upp.



TETRA-loftnet í Breiðadals- og Botnsheiðagöngum.

TETRA kerfi er hannað og notað sem fjarskiptakerfi fyrir öryggisaðila og á að vera í fullri virkni á öllum tímum. Kerfið sameinar kosti símkerfis og talstöðvarkerfa. Því að auk þess að nota símann sem almennan síma þá eru settir upp hópar notenda sem tala saman á sömu rásinni og neyðarrásir taka yfir þegar þarf.

Með kerfinu batna fjarskiptamöguleikar lögreglu og slökkviliðs til mikilla muna ef slyss verður og neyðarástand skapast. Lögreglan er líka að staðaldri með eftirlit í göngunum, t.d. hraðamælingar, og er þá mjög óþægilegt að lögreglubíll sem er inni í göngunum sé sambandslaus við lögreglustöð.

Kerfið mun einnig verða mjög til þæginda við rekstur Vegagerðarinnar á veggöngunum.

Samningar við Tetra Ísland voru undirritaðir um miðjan febrúar 2003. Uppsetning hófst seint í júlí og er nú langt komin og kerfið orðið vel nothæft en eftir er að ljúka frágangi og stillingum. Einhver tími mun nú líða þar til allir aðilar eru komnir með stöðvar og búnir að æfa notkun, en það ætti að gerast nú í haust.

Ráðgjafi Vegagerðarinnar við verkið hefur verið Brynjar Bragason hjá RTS. Hjá TETRA Ísland er það Jón Þóroddur Jónsson sem hefur umsjón með málinu.

VAI vann upp úr gögnum frá Gísla Eiríkssyni og Brynjari Bragasyni

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammtstófun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi	03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	09.03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	09.03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	09.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	09.03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Breknaheiði - Geysirófa	09.03
03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kamsnes - Hattardalur	09.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	09.03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1. áfangi	09.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir	08.09.03 23.09.03
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03 23.09.03
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), um Víkurskarð 2003-2007	25.08.03 09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003-2007	25.08.03 09.09.03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús	25.08.03 09.09.03

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-087 Vl. Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008	21.07.03	11.08.03
03-086 Vl. Vetrarþjónusta á Holtavörðuheiði 2003 - 2008	21.07.03	11.08.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	10.06.03	23.06.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði Íslenskir verktakar ehf.	30.06.03	21.08.03




Nú er lokið gerð hringtorgs á vegamótum Hringvegur (1) og Snæfellsnesvegur (54) við Borgarnes. Verktaki var Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Þessi vegamót voru einföld T-gatnamót og gátu verið hættuleg. Hringtorgið mun vonandi koma í veg fyrir alvarleg slys á gatnamótunum og hægja á umferð sem er á leið inn í þéttbýlið í Borgarnesi. Mögulega munu einhverjir öikumenn sem aka eftir minni lenda í ógöngum í hringtorginu til að byrja með en væntanlega verður það ekki alvarlegt. Athugið að myndin er tekin með miklum aðdrætti svo beygjubogar virðast krappari en þeir raunverulega eru.

Leiðrétting á auglýsingu

Í síðasta tölublaði birtist auglýsing útboðsins: „Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003-2004.“ Dagsetning á afhendingu gagna misritaðist 25. september en átti að vera 25. ágúst. Skil tilboða voru rituð rétt 9. september.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 1. september 2003. Samtals er búið að sprengja 675 m sem gerir 11,9%.